

AUGLÝSING

160

11. nóv.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum sjúkrasamlaga í kaupstöðum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

13. Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Staðfest 26. september 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

REGLUGERÐ

161

12. nóv.

um fasteignaskatt í Reykjavík.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Reykjavíkur skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lög-sagnarumdæmi Reykjavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- | | |
|--|------|
| 1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum | 2% |
| 2. — húseignum og öðrum mannvirkjum | 1% |
| 3. — túnnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum | 0.5% |

3. gr.

Skatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem um fram er, skal sleppa, og ná fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr. greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sanningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkv. reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkv. 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Reykjavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.